

LISTIR

Á mörkum listar og rýmis

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

YFIRLITSSÝNING
MAGNÚS PÁLSSON

Opið alla daga kl. 10–18 til 23. október. Aðgangur kr. 300. Sýningarskrá kr. 1.600.

EINS og nafnið ber með sér, er felst eitt helsta gildi yfirlitssýninga í þeirri heildarmynd sem þær geta gefið af viðfangsefnum viðkomandi listamanns yfir lengri tíma. Á slíkum sýningum kemur einatt í ljós hvort einhverjir þættir ganga í gegnum allan ferilinn og ef svo reynist hvernig þeir lýsa sér á hverjum tíma; slíkt yfirlit kann jafnvel að koma listamanninum sjálfum á óvart, ekki síður en gestum.


Magnús Pálsson hefur unnið að sinni list í kyrrþey undangengna rúma þrjá áratugi. Hann hefur komið víða við á ferli sínum, allt frá því að hann lauk listnámi sínu um miðjan sjötta áratuginn, m.a. innan leikhússins og á sviði listkennslu, en jafnframt hefur hann allan þann tíma verið að skapa ágeng listaverk, sem í sambengi sýningarinnar hér reynast mynda samfelldan þráð, þar sem tekið er á mörkum listarinnar með ýmsum hætti. Bakgrunnur Magnúsar í hugmyndalistinni er augljós; það er hugmyndin sem ræður efni og

útfærslu, en ekki miðillinn sem slíkur. Alls staðar er kíminn hins vegar skammt undan, og líkurnar á að sýningargestir yfirgefi Kjarvalsstaði með bros á vör, endurnærðir eftir frískandi heimsókn, eru yfirgnæfandi.

Sýningin er í öllu sýningarrými hússins (sem og utandyra) og gefur gott yfirlit yfir viðfangsefni listamannsins. Henni er vel komið fyrir, og einkum njóta þau verk sín vel, sem fjalla um rýmisnotkun. Þetta á við um vestursalinn, þar sem getur að líta verk eins og „Tilfærslu rýmis með tveimur persónum“ (1976) og „Sekúndurnar þar til Sirkoskyþyril snertir“ (1980), sem þurfa mikið pláss eðli sínu samkvæmt, og í austursalnum er „Í minningu Njálsbrennu“ (1977) í verðskuldudu öndvegi. Á göngum er rýmið einnig nauðsynlegur þáttur í flokkum verka eins og „Automobile“, sem enn er að þróast, og „Hundljóð“ (1970), sem vakti mikla athygli á sínum tíma.

Á sýningunni má greina ýmsa þætti í list hans síðustu þrjá áratugi og þannig rekja sig í gegnum ferilinn að vissu marki, en áhorfendur geta ekki síður notið einstakra verka; flest bera aldurinn vel og viðfangsefni flokkast skýrt niður.

Á sjöunda áratugnum hafi mest borið á grófgerðum höggmyndum, þar sem gömul fót og síðar gífs var notað til að skapa eftirminnilegar figúrur, eins og í „Bestu stykkinn“



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

MAGNÚS Pálsson við eitt verka sinna.

(1965) og „Gifsbörn“ (1970); síðar urðu verkin finlegri, oft unnin í hið hlutlausu efni, gífsið, og tengdust oftan en ekki rýminu, fyllingu þess eða negatífum og pösítífum gildum. Verk tengd hugmyndalistinni urðu ríkjandi síðari hluta áttunda áratugarins, en síðustu ár hefur Magnús unnið mikið með texta og hljóð, og þannig hafa orðið til hljóðskúlptúrar og svonefnd „rjóður“ sem einkennt hafa síðustu sýningar hans.

En það eru hin einstöku verk, sem hafa staðist tímans tönn afar vel, sem einkum vekja gleði áhorfandans. Af slíkum má nefna sólúrinn, sem eru einkar skemmtilega hugsuð, verk eins og „Tæm“ (1964) og myndaflokkinn „Stærðfræði“ (1976), sem býður upp á ýmsar vangaveitur.

Þó það sé að nokkru tekið fyrir í ritgerðum í sýningarskrá, er helst að áhorfandinn sakni hér fleiri tilvísana til samhengis verka Magnúsar við list samtímans eða listasöguna yfirleitt. Þannig er hin skemmtilega

framkvæmd „Rúmbjarni“ (1977) með vissum hætti tilvísun í verk annara listamanna í sögunni, sem hafa viljað nota manninn sem mælingu verka sinna, og má þar benda bæði til Leonardo da Vinci og Le Corbusier; gildi efnisins hefur einnig verið ofarlega á baugi margra listamanna á þessari öld, sem hafa leitað óhefðbundinna leiða, m.a. með notkun á rusli og aðskotahlutum, eins og Robert Rauschenberg og fleiri.

Þannig eru verk Magnúsar vissulega sköpuð í samhengi listasögunnar. Þar við bætist hins vegar, að listamaðurinn hefur haft mikinn áhuga á ýmsum viðfangsefnum, sem eru afar þjóðleg í eðli sínu, og hefur tekið að skapa skemmtileg og lifandi verk út frá þeim efnum. Þar meðal annars nefna minnisvarðana „Í minningu Njálsbrennu“ (1977), sem er afar hnitmiðað verk, og „Ljós-hirslu“ (1977), þar sem þjóðsagan um Bakkabræður verður ljóslifandi á ný. Einnig er vert að benda á hin

svonefndu „rjóður“ í þessu samhengi, en það er vafasamt að skapaður verði þjóðlegri hljóðskúlptúr en er að finna í „Enginn gleypir sólina“ (1993), sem var upphaflega settur upp í Gallerí einn einn og er hér kominn á ný.

Þessi þjóðlega hlið í list Magnúsar er mikilvægur þáttur á öllum hans ferli og einkennir hann að hluta umfram ýmsa aðra, þar á meðal lærisveina hans á listabrautinni, sem hafa á sér mun alþjóðlega og oft daufara yfirbragð, þó vinnulagið sé ekki ósvipað.

Magnús hefur einnig unnið mikið við leikhús og verið mikilvirkur kennari, og átti sem slíkur m.a. stóran þátt í tilurð Nýlistadeildar (sem nú heitir Fjöltæknideild) við Myndlista- og handíðaskólann; sú er nú deilda fjölmennust í skólanum. Hugmyndir Magnúsar um kennslu sem listgrein eru að nokkru ræddar í sýningarskránni, og er vert að benda sérstaklega á þær.

Þrátt fyrir að þannig skorti nokkuð á að hér fáiast heildarmynd af öllum þeim fjölbreyttu viðfangsefnum, sem Magnús Pálsson hefur verið að fást við í gegnum árin, er hér á ferðinni vel heppnuð og ánægjuleg sýning, einkum fyrir það hversu vel list hans ber aldurinn; verkin frá sjöunda og áttunda áratugnum eru enn jafn fersk og þau voru þegar þau komu fyrst fram, og nú er samhengi þeirra við jafnvel enn ljósara en fyrr. Sýningarskráin er eigulegur gripur, með fjölda ljósmynda og greina um listamanninn; einkum er rétt að vekja athygli á grein Ólafs Gíslasonar og víðtali Carinu Hedén við Magnús, þar sem sjónarmið hans koma vel fram.


Að þessu sögðu er rétt að hvetja sem flesta til að leggja leið sína á Kjarvalsstaði næstu vikur til að sjá þessa sýningu.

Eiríkur Þorláksson

QUATTRO stigateppi


HENTUG - SMEKKLEG - ÓDÝR

Pola hreinsun með klórblöndu!



LITRÍKUR SPRETTHLAUPARI

Innlæst litakorn tryggja varanlega og samfellda litun.



EKKERT BERGMÁL

Hljóðeinangrandi eiginleikar Imprel-CR tryggja gott hljóðisög.



ENGAR TROBNAR SLÓÐIR

Pristrend bygging Imprel-CR nylonþráðanna tryggir frábært fjaðurmagn og endurreisn á teppaflostinu. Hinn þétti svampbotni er gerður úr Baysal T — hágæða latex frá Bayer.



AUÐPRIFIÐ

Teppin eru auðþriffin án þess að litir láti á sjá — jafnvel á miklum álagssvæðum.



BRUNAPOLIÐ

BS 4790 brunapólspróf: Imprel-CR teppi á actionbotni sýna lítinn íkveikjuradíus (WIRA-prófað).



ORKUSPARANDI

Imprel-CR teppi eru mjög einangrandi og draga því úr hitunarkostnaði.



GLEÐUR AUGAÐ

Samræmdir og skýrir litir gera teppið eins og gamalt málverk í nýjum ramma. Litir falla saman í eina heild á stórum sölum.



SANNUR HARBJAXL

Pristrenda formið í nylonþráðinum tryggir frábært álagspól.



BLÁSIÐ Á BLETTI

Flestir óhappablettir hverfa auðveldlega. Á erfiðari bletti má nota klórefni.



ENGIN RAFSTUÐ

BEKINOX leiðandi málþráður ofinn í gamlið gerir teppið varanlega afrafmagnað. Engin óþægileg stuð vegna stöðuspennu.

Stigahúsatilboð til 1. nóv.

20% afsláttur af Quattro stigateppum en það samsvarar

ÓKEYPIS LÖGN

á stigahúsið. Leitið tilboða.

Við mælum, sniðum og leggjum, fljótt og vel. Fjarlægjum gömul teppi.

Almanak Þjóðvinafélagssins í 121. sinn

ALMANAK Hins íslenska þjóðvinafélags er nýkomið út í 121. sinn. Það kom fyrst út í Kaupmannahöfn árið 1874 og hafði að geyma almanak fyrir árið 1875 og Íslandsárbók fyrir árið 1873 auk annars efnis. Alla tíð síðan 1874 hefur almanakið komið út á vegum þjóðvinafélagsins og nú um langa hríð í samvinnu við Háskóla Íslands. Auk almanaksins sjálfs hefur árbók Íslands alltaf verið fastur liður í ritinu og má þannig finna í almanökunum samfelldan annál síðustu 120 ára og ríflega það.

Almanak þjóðvinafélagsins fyrir árið 1995 er 192 bls. að stærð. Almanakið sjálft hefur Þorsteinn Sæmundsson Ph.D. stjórnufræðingur reiknað og búið til prentunar.

Auk hefðbundins efnis í því fjallar dr. Þorsteinn um sólina og dýrahringinn, ríki heimsins, tíðni sólmyrkva og tunglmyrkva og rimspillisár. Árbók Íslands fyrir árið 1993 ritar Heimir Þorleifsson menntaskólakennari.

Eins og áður sagði er það Hið íslenska þjóðvinafélag sem gefur almanakið út en forseti þess og umsjónarmaður almanaksins er Jóhannes Halldórsson cand.mag. Prentsmiðjan Oddi prentaði ritið og er það Sögufélag, Fischersundi 3, sem sér um dreifingu. Almanakið fæst í flestum bókaverslunum og kostar 1.254 kr. með virðisaukaskatti. Til áskrifenda og félagsmanna Sögufélags er verðið 10% lægra.



Tónleikar Kvinnakórs Reykjavíkur

KVENNAKÓR Reykjavíkur heldur tónleika í Seljakirkju í dag, sunnudag, klukkan 20.30. Efnisskráin verður afar fjölbreytt, einsöngvari verður Björk Jónsdóttir og hópar úr kórnum flytja ne-grasála og madrigala. Kvenfélag Seljasóknar stendur að tónleikum. Röng mynd var birt með frétt um tónleikana í Morgunblaðinu á föstudaginn. Hér fylgir hins vegar mynd af Kvinnakórnum og bedist er velvirðingar á mistökunum.

TEPPABÚÐIN

SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 681950